

Skipulag

<i>Fundarboðandi:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Fundarstaður:</i>	Fjarfundur
<i>Fundarstjóri:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Dagsetning:</i>	27. maí 2020
<i>Fundarritari:</i>	Sigurjón Njarðarson	<i>Fundartími:</i>	13:00 – 14:45

Pátttakendur: Sigurborg Daðadóttir (Yfirdýralæknir, formaður Fagráðs), Sigríður Björnsdóttir (sérfræðingur Matvælastofnunar í dýratilraunum), Ólafur R. Dýrmundsson (f.h. Dýraverndunarsambands Íslands), Sigurjón Njarðarson (starfsmaður Fagráðs um velferð dýra), Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands) og Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar H.Í.), Baldur Helgi Benjamínsson (f.h. Bændasamtaka Íslands). Allir aðilar tóku þátt í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá

1. Umsagnir um umsóknir til dýratilrauna
2. Ábyrgð dýraeigenda
3. Önnur mál.

Umræða

1. Umsagnir um umsóknir til dýratilrauna

- a) Hrognkelsisbakteríur og veirur: Fagráð um velferð dýra veitir samhljóða jákvæða umsögn um tilraunina.

2. Ábyrgð dýraeigenda

Fagráð um velferð dýra ræddi ábyrgð dýraeigenda og umráðamanna dýra á dýrum sínum. Ljóst er að málefnið er flókið úrlausnar og þarfnast ítarlegrar umræðu. Einkum hvað varðar það fyrirkomulag að búfé er rekið til sumarbeitar á sameiginlegum lendum sem geta verið í eigu einstaklinga, lögaðila og opinberra aðila, hvort sem er í byggð eða til fjalla.

Fagráðið beinir því til Matvælastofnunar að hafnar verði viðræður við viðeigandi hagsmunaaðila, hvers markmið væri að ná fram sameiginlegum skilningi á því hvaða aðili beri ábyrgð á velferð dýra sem ganga á beitarlendum hvort sem er til fjalla eða heimalöndum.

3. Önnur mál

- a) Þóknunarmál

Formaður kynnti niðurstöður Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, hvers niðurstaða var að fallast á röksemdir meðlima Fagráðs um greiðslu þóknunar fyrir vinnu í ráðinu. Gerð var grein fyrir ýmsum hagnýtum atriðum þessu tengt.

b) Velferð dýra sem slátrað er utan sláturhúsa

Yfirdýralæknir gerði grein fyrir að um slátrun dýra giltu ákveðin lög og ákveðnar reglur. Eiga þessi lög og reglur við um alla slátrun, einnig slátrun utan sláturhúsa. Fulltrúi Dýraverndarsambandsins brýnir opinbera aðila til að gæta að því að eftirlit sé haft með velferð dýra sem slátrað er utan sláturhúsa.

c) Eftirlit með aðbúnaði í hesthúsum

Sérgreinadýralæknir hrossa gerði grein fyrir regluverki sem gildir um aðbúnað hrossa í hesthúsum og með hvaða hætti eftirliti er háttað.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:45. Næsti fundur er áætlaður 26. ágúst 2020.